

Hringrásargarður á Álfsnesi - ósk um tilnefningu áheyrnarfulltrúa og tillaga að kynningu

Til : Dagný Ósk Símonardóttir <dagnyosk@mos.is>
Frá : Þóra M. Hjaltested <thora@mos.is>
Heiti : Hringrásargarður á Álfsnesi - ósk um tilnefningu áheyrnarfulltrúa og tillaga að kynningu
Málsnúmer : 202301247
Málsaðili : Reykjavíkurborg
Skráð dags : 12.01.2023 11:09:24
Höfundur : Þóra M. Hjaltested <thora@mos.is>
Viðhengi image003.jpgimage003.jpg

From: Óli Örn Eiríksson <Oli.Orn.Eiriksson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 14. desember 2022 11:29
To: Regína Ásvaldsdóttir <regina@mos.is>
Cc: Jón Viggó Gunnarsson <jon.gunnarsson@sorpa.is>; Jón Kjartan Ágústsson <jon@ssh.is>; Aldís Stefánsdóttir <aldiss@mos.is>
Subject: Hringrásargarður á Álfsnesi - ósk um tilnefningu áheyrnarfulltrúa og tillaga að kynningu

Sæl Regína,

Fyrir hönd starfshóps um þróun hringrásargarðs á Álfsnesi þá óska ég hér með eftir því að Mosfellsbær tilnefni áheyrnarfulltrúa í hópinn.

Auk þess óska ég eftir því að fá, ásamt formanni starfshópsins, Jóni Gunnari Viggóssyni, að kynna þá vinnu sem er væntanleg varðandi hringrásargarðinn fyrir fulltrúum Mosfellsbæjar.

Hringrásariðngarður, stundum kallaður grænn iðngarður, er samstarfsnet fyrirtækja á ákveðnu atvinnusvæði. Samstarfsnetið felst meðal annars í því að fyrirtækin skipta með sér orku og hráefnum, t.d. ef úrgangur eins fyrirtækis nýtist sem hráefni fyrir annað fyrirtæki á svæðinu. Til þess að ná sem bestum árangri þurfa innviðir hringrásargarðs að vera skipulagðir með samvinnu í huga. Síðustu ár hafa nokkrir hringrásargarðar verið settir á fót á Íslandi. Þar má til að mynda nefna hringrásargarðinn við Svartsengi þar sem Bláa lónið er frægasti hluti hringrásarinnar.

Við stofnun græns iðngarðs er mörg mikilvæg atriði sem ber að huga að. Það þarf til dæmis að ákveða hvaða fyrirtæki gætu myndað saman hringrásargarð, gera grein fyrir hvaða gerð inn- og útlæðis myndi verða til við rekstur fyrirtækjanna, bera kennsl á hvaða fyrirtæki myndi vera með stærsta inn og útlæðið og lista upp möguleg samlífi meðal fyrirtækjanna.

Eins og áður segir er þessi vinna á algerum frumskrefum og eru næstu skref fólgin í því að vinna samantekt á möguleikum á hringrásargarð á svæðinu sem verður nýtt til þess að skapa umræðu um hvaða stefnu hagsmunaaðilar á svæðinu, að Mosfellsbæ meðtöldum, vilja fara til framtíðar.

Við vonumst til þess að þið takið þessu erindi með jákvæðum hug enda er mikill vilji fyrir því innan starfshópsins að unnið verði þétt með Mosfellsbæ að verkefninu og samtal milli aðila verði með besta móti.

Virðingarfyllst,

Óli Örn Eiríksson
Teymisstjóri Atvinnu- og borgarþróunar
Head of Economic- and Urban Development

Reykjavíkurborg – skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
City of Reykjavík - Office of the Mayor and CEO
E-mail: Oli.Orn.Eiriksson@Reykjavik.is
Sími / Tel. +354 411 4122
GSM / Mobile +354 664 8916
www.reykjavik.is



Reykjavík